

Afrýjandi, Jón Felixson, greiði stefnda, Einari Þorgilssyni, 15 kr. í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. júlí 1915.

Nr. 48/1914.

Garðar Gíslason fyrir hönd
verzlunarinnar »Dagsbrún«
gegn

Sveini Björnssyni

f. h. J. Goldstein & Sön.

D ó m u r :

Afrýjandi þessa máls, Garðar Gíslason kaupm. fyrir hönd verzlunarinnar »Dagsbrún«, var með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 18. júní f. á. dæmdur til að greiða stefnda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, fyrir hönd Goldstein & Sön í Kaupmannahöfn 225 kr. 30 aur. fyrir vörur með 5% ársvöxtum frá 1. sept. 1913 til borgunardags, og 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir afrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. nóv. f. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til

greina, sérstaklega krafa hans um algerða sýknun í málinu og málskostnað fyrir undirrétti. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi krefst af annari hálfu að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Vörur þær, sem stefndi krefst borgunar fyrir í þessu máli, keypti áfrýjandi í maí og nóvember 1911 frá verzlun stefnda og greiddi andvirði þeirra, hina umstefndu upphæð 225 kr. 30 aura, umboðsmanni stefnda hér í bænum, A. Sörensen umboðssala. Þessa greiðslu telur stefndi ógilda og heimildarlausa, af því að Sörensen, þótt hann væri umboðsmaður hans við vörupantanir, hafi ekkert umboð haft til að taka við og kvitta fyrir andvirði varanna, og með því að Sörensen hafi eigi staðið sér skil á upphæðinni, komist áfrýjandi ekki hjá að greiða sér hana,

Af hálfu áfrýjanda er því hinsvegar haldið fram, að hann hafi átt við nefndan Sörensen um vörukaupin. Hann (Sörensen) hafi pantað vörurnar eftir munnlegri beiðni sinni, honum hafi verið sendir reikningar yfir þær, og hann hafi afhent sér þá og kvittað um leið og hann tók við borguninni, en þeir, áfrýjandi og stefndi, hafi engin bréfaskifti átt um vörukaupin, enda sé það orðin föst verzlunarvenja hér á landi, að umboðssalar, jöfnum höndum og bankar hér, taki við borgun fyrir vörur, er þeir panta, fyrir hönd umbjóðenda sinna, þó að þeir hafi eigi sérstakt umboð til þess, og að umbjóðendur hafi látið sér það vel líka, eða eigi fundið að því, en

kaupendur telji sig með slíkri greiðslu lausa allra mála. Þó að áfrýjandi þannig eigi haldi því fram, að Sörensen hafi haft beint umboð stefnda til að taka á móti og kvitta fyrir andvirði umræddra vara, lítur hann þó svo á, að hann, eftir öllum málavöxtum og eftir því hvernig stefndi hagaði sér í þessum viðskiftum, hafi haft rétt til að gera ráð fyrir, að Sörensen væri bær um að taka við greiðslunni.

Það þykir nú eigi skifta máli í þessu efni, að vörurnar, svo sem telja má sannað, voru pantaður fyrir milligöngu Sörensens, eða hvort reikningar yfir vörurnar, svo sem áfrýjandi fullyrðir og stefndi hefir eigi hrakið, voru afhentar áfrýjanda af Sörensen, en eigi sendar honum beint frá stefnda. En úrslit málsins virðast velta á því, hvort vörurnar voru sendar áfrýjanda beint, eða þær voru sendar Sörensen til ráðstöfunar. Nú var það farmskirteinið, sem veitti umráð yfir vörunum, en í málfærslunni er það frá hvorugri hálfu beint tekið fram, hvorum stefndi hafi sent farmskirteinið, áfrýjanda eða Sörensen. En eftir vitnisburði þáverandi verzlunarstjóra »Dagsbrúnar«, er vörurnar komu hingað, sem taka verður gildan, fylgdi þeim ekkert skeyti frá stefnda til áfrýjanda, og verður að skilja það svo, að þeim hafi eigi heldur fylgt farmskirteini beint til áfrýjanda, enda kveðst hann eigi hafa getað fengið vörurnar frá skipsafgreiðslunni nema fyrir hjálp og tilstilli Sörensens. Stefndi fullyrðir að visu, að farmskirteinið hafi verið stílað til áfrýjanda, og er það ómótmælt svo og að vörusendingin hafi verið merkt »Dagsbrún«. En með hvorugu þessu er það staðhæft, að farmskirteinið hafi

verið sent áfrýjanda, eða því neitað, að það hafi verið sent Sörensen. Neitun áfrýjanda um að hafa ekkert skeyti fengið frá stefnda með vörunum, er þannig eigi hrundið og verður þá að ætla, að stefndi hafi sent Sörensen farmskirteinið og þannig falið honum vörurnar til ráðstöfunar, eða trúað honum fyrir þeim, en að svo vöxnu máli virðist áfrýjandi hafa haft heimild til að gera ráð fyrir, að stefndi hafi einnig trúað Sörensen fyrir að taka við og kvitta fyrir andvirðinu, enda er það orðið algengt, að minsta kosti í Reykjavík, að umboðssalar taki án sérstaks umboðs við borgun fyrir erlendar vörur, sem hjá þeim eru pantaðar.

Það þykir því eiga að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í þessu máli, og er þá rétt, að málskostn-ur falli niður fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Garðar Gíslason fyrir hönd verzlun-
arinnar »Dagsbrún« á að vera sýkn af kröfum
stefnda Sveins Björnssonar fyrir hönd J. Gold-
stein & Sön í þessu máli.

Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.